

***BORGARRÁÐ 30. apríl 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðstoð Félagsbústaða við einstaklinga í vanda - R20040237***

Fyrirspurn um aðstoð Félagsbústaða við einstakling í vanda. Hvernig ætla Félagsbústaðir að styðja við og hjálpa einstaklingi sem er í t.d. þeim aðstæðum sem hér er lýst: (Tekið er fram að dæmið er tilbúið). Einstaklingurinn er öryrki og fær 250.000 krónur á mánuði fyrir skatta. Hann greiðir um 100 þúsund á mánuði í leigu hjá Félagsbústöðum. Hann er langveikur og hefur oft þurft að fara á bráðadeild. Hann hefur nokkrum sinnum þurft að greiða sjúkrabílaflutning fyrir sjálfan sig. Kostnaður við lyf er mikill. Andlega líður honum illa en hefur ekki ráð á áfallahjálp og sálfræðiaðstoð enda slík þjónusta ekki niðurgreidd. Hann hefur verið í einangrun vegna Covid smithættu sem kallað hefur á meiri þjónustu og frekari útgjöld. Nú hafa Félagsbústaðir ákveðið að fella ekki niður leigu í einn einstasta mánuð vegna Covid-19. Boðið er upp á greiðsludreifingu. Fyrir einstakling eins og þann sem hér er lýst dugar dreifing leigu skammt þar sem skuldir hafa nú safnast upp. Það mun koma að skuldadögum.